

Tölfræði starfsnáms á Íslandi




Hversu margir velja starfsnám?


Á síðasta skólaári völdu 13.5% nýnema í framhaldsskólum á aldrinum 16-24 ára að leggja stund á starfsnám*. Hlutfall nýnema sem velja starfsnám hefur sveiflast lítillega undanfarinn áratug og var mest 18,6% árið 2014 en hefur lækkað nokkuð síðan þá.

Bráðabirgðatölur úr innritunarkerfi framhaldsskóla benda þó til fjölgunar í ár því fleiri 16 ára nýnemar skráðu sig í starfsnám á haustönn 2018 en á sama tíma í fyrra (tölur ekki sýndar hér).

Nýnemar á framhaldsskólastigi (16-24 ára) eftir tegund náms




Nemendur á framhaldsskólastigi eftir tegund náms



Annar mælikvarði á aðsókn í starfsnám er hlutfall nemenda sem skráðir eru í starfsnám á hverju ári. Hlutfall þeirra sem stunda starfsnám árið 2017 var um 30% eða tölувert hærra en hlutfall nýnema í starfsnámi. Þetta skýrist að hluta til af því að nokkuð margir nemendur byrja sem nýnemar í bóknámi en skrá sig síðar í starfsnám. Sjá má að hlutfall nemenda sem skráðir eru í starfsnám hefur verið svipað undanfarinn áratug en farið lítillega lækkandi síðustu ár.

* Tölur í skýrslunni eru frá Hagstofu Íslands nema að annað sé tekið fram. Ártöl eiga við fyrra árið í skólaárinu og þannig á 2017 við skólaárið 2017-2018. Nýnemar eru þeir sem stunda nám í fyrsta skipti á framhaldsskólastigi. Samkvæmt flokkun Hagstofunnar teljast bæði nemendur á starfsnámsbrautum og iðnnemar á samningi til þeirra sem stunda starfsnám og nám á almennum brautum telst til bóknáms.

Hlutfall ungs fólks í starfsnámi, eftir löndum (OECD)




Hlutfall ungs fólks (15 - 24) í starfsnámi

Nýjustu tölur yfir hlutfall nemenda á framhaldsskólastigi sem stunda starfsnám, óháð aldri, segja svipaða sögu.[†] Þar nær samanburðurinn til 34 Evrópulanda og að meðaltali leggja 49,7% nemenda á framhaldsskólastigi í þessum löndum stund á starfsnám. Á Norðurlöndum, að Íslandi undanskildu, er hlutfallið að meðaltali 53,8%, en á Íslandi er hlutfall nemenda í starfsnámi 32,4%.

Hlutfall ungs fólks í starfsnámi á Íslandi er lágt í alþjóðlegum samanburði. Nýlegar tölur um starfsnám frá OECD sýna að hlutfall fólks á aldrinum 15 – 24 ára sem leggja stund á starfsnám er að meðaltali um 18,8% í Evrópulöndum en aðeins 10,2% á Íslandi.[†] Þessar tölur eru frá 2016 og ná yfir nemendur sem skráðir eru í starfsnám á öllum skólastigum. Tekið skal fram að í sumum löndum eru fjöldatakragnar í bóknám og frammistaða nemenda snemma í grunnskóla ræður því hverjir þeirra sækja starfnám og hverjir bóknám.

Hlutfall nemenda í starfsnámi árið 2016, eftir löndum (Eurostat)




Hlutfall nemenda í starfsnámi

[†] OECD (2018), Education at a Glance 2018: OECD Indicators, OECD Publishing, Paris, <https://doi.org/10.1787/eag-2018-en>

[‡] Eurostat (2018). http://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?dataset=educ_uoe_enrs05&lang=en

Hverjir velja starfsnám?


Nýnemar á framhaldsskólastigi (16-24 ára) eftir tegund náms og kyni



Starfsnám hefur lengi verið vinsælla hjá karlkyns nemendum á Íslandi. Þá hefur heildarfjöldi nýnema á aldrinum 16-24 ára sem skrá sig í starfsnám lækkað lítillega hjá báðum kynum síðastliðin ár. Ekki eru til alþjóðlegar tölur um kynjaskiptingu nýnema, en ef hlutfall ungs fólks (15 – 24) í starfsnámi á framhaldsskólastigi er skoðaður kemur í ljós að í löndum Evrópu stunda 54% karla og 42% kvenna starfsnám. Á Íslandi eru þessi hlutföll 32% og 16,5%, og er hlutfall ungra kvenna í starfsnámi eingöngu lægra á Kýpur.[§]

Ef litið er til aldurssamsetningar nýnema í bók- og starfsnámi á Íslandi má sjá að nokkuð hátt hlutfall nýnema í starfsnámi er yfir hefðbundnum menntaskólaaldiri. Þannig var fjórði hver nýnemi í starfsnámi árið 2017 yfir tvítugu (25,4%). Hlutfall eldri nýnema í bóknámi er töluvert lægra.

Nýnemar á framhaldsskólastigi eftir tegund náms og aldir




[§] Eurostat (2018). http://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?dataset=educ_uoe_enrs05&lang=en

Hvaða starfsnám velja nemendur?

Á síðasta skólaári (2017 - 2018) lögðu flestir nemendur í starfsnámi stund á húsasmíði, grunnnám í rafiðnum og sjúkraliðanám. Karlkyns nemendur eru í meirihluta á flestum brautum en konur eru í meirihluta í sjúkraliðanámi, listum og á félagsliðabrautum. Myndin sýnir 15 fjölmennstu brautirnar.


Fjölmennstu starfsnámsbrautirnar skólaárið 2017 - 2018



Brautskráningar úr starfsnámi

Misjafnt er hvaða réttindi lokapróf í starfsnámi á framhaldsskólastigi veitir nemendum. Myndin til hægri sýnir fjölda brautskráninga á skólaárinu 2015 - 2016, eftir próftekundum**

Fjöldi brautskráninga 2015 – 2016, eftir próftekund



Flestir nemendur í starfsnámi á framhaldsskólastigi á skólaárinu 2015 - 2016 útskrifuðust með próf sem staðfestir hæfni þeirra í ákveðnu starfi án þess að veita starfsréttindi (hæfnispróf). Dæmi um brautir sem veita slíkt próf eru listnámsbrautir, hönnun, matreiðsla og tölvufræðibrautir.

Á sama skólaári útskrifuðust 606 nemendur með próf sem veitir löggild starfsréttindi, meðal annars í sjúkraliðun, véstjórn og tanntækni.


** Nýjustu tölur frá Hagstofu Íslands. Útskriftarárið er skilgreint frá 1.11. - 31.10. Grunnpróf af almennum brautum eru undanskilin og upplýsingar um sveinspróf eru frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Þá útskrifaðist 671 nemandi með burtfararpróf úr iðngreinum. Burtfararpróf veitir nemendum rétt til að taka sveinspróf að lokinni starfsþjálfun (eða ígildi hennar) í viðkomandi iðn. 631 nemandi útskrifaðist með sveinspróf í löggilti iðngrein á borð við húsasmíði, rafvirkjun og pípulagnir. Hafa ber í huga að nemendur sem útskrifast með bæði burtfararpróf og sveinspróf innan sama útskriftarárs teljast með í báðum flokkum í þessum tölu.

Ef þróunin er skoðuð (sjá mynd að neðan) má sjá að nemendum sem útskrifast með sveinspróf hefur fjölgað lítillega undanfarin ár. Ef litið er lengra aftur sést að fjöldi sveinsprófa náði hámarki skólaárið 2008 - 2009, þeim fór svo nokkuð hratt fækkandi fram til 2011, en hefur fjölgað hægt síðan þá. Nokkuð færri nemendur útskrifuðust hins vegar með hæfnispróf árið 2015 en árið 2011.

Samanburður á fjölda brautskráninga með burtfararpróf og fjölda brautskráninga með sveinspróf sama ár eða árið á eftir gefur vísbindingu um það hversu algengt er að nemendur sem lokið hafa námi í skólanum haldi áfram og klári starfsþjálfun og sveinspróf. Meirihluti nemenda lýkur sveinsprófi en eitthvað er um að nemendur klári burtfararpróf án þess að ljúka sveinsprófi.


Brautskráningar úr starfsnámi á framhaldsskólastigi, eftir próftategund




Upplýsingar um fjölda nemenda sem útskrifast með iðnmeistarapróf og önnur próf á viðbótarstigi og háskólastigi í starfsnámi má nálgast á heimasíðu Hagstofu Íslands.

Ef litið er til aldurs dreifingar brautskráninga í bók- og starfsnámi á framhaldsskólastigi má sjá að aldur við brautskráningu er almennt hár í starfsnámi. Þannig eru brautskráningar nemenda sem eru 25 ára og eldri rúmlega helmingur heildartölu brautskráninga úr starfsnámi skólaárið 2015-2016. Í bóknámi eru brautskráningar á þessu aldursbili hins vegar um 15%.

Hlutfall brautskráninga á framhaldsskólastigi eftir tegund náms og aldursflokk



Meðalaldur nemenda við fyrstu útskrift, eftir tegund náms og landi (OECD, 2018)



Ef aldur við útskrift á Íslandi er borinn saman við önnur lönd sést að aldur við útskrift úr starfsnámi er með hæsta móti hér á landi. Neðri myndin á bls. 6 er unnin úr gögnum OECD og sýnir meðalaldur nemenda við fyrstu útskrift á framhaldsskólastigi í löndum Evrópu árið 2016, bæði úr starfsnámi og bóknámi^{††}. Íslendingar eru að meðaltali 27,6 ára við fyrstu útskrift úr starfsnámi og eru elstir nemenda í þessum löndum en nemendur í Noregi og Danmörku eru á svipuðum aldri. Þá vekur athygli að á Íslandi, í Noregi og í Danmörku útskrifast nemendur í starfsnámi að meðaltali 7-9 árum síðar en nemendur í bóknámi.

^{††} OECD (2018), Education at a Glance 2018: OECD Indicators, OECD Publishing, Paris, <https://doi.org/10.1787/eag-2018-en>.